23. mars 2011

Höfundur: Arndís Ósk Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi

Greinargerð til Ragnhildar Arnljótsdóttur, ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu, vegna úrskurðar kærunefndar jafnréttismála í máli nr. 3/2010

Eftirfarandi greinargerð ráðgjafa fjallar um ráðningarferli og aðferðafræði sem beitt var við hæfnismat umsækjenda um stöðu skrifstofustjóra á skrifstofu stjórnsýslu- og samfélagsþróunar í forsætisráðuneytinu.

- Kærandi gerir athugasemdir við hvernig þeir hæfnisþættir sem auglýstir voru fyrir starfið eru útfærðir og þá stigagjöf sem stuðst var við í viðtölum við umsækjendur. Sú útfærsla og stigagjöf byggir á greiningu ráðgjafa og ráðuneytisstjóra á kröfum og hæfni sem viðkomandi skrifstofustjóri þurfi til að geta gengt í starfinu. Ráðuneytisstjóri, sem er næsti yfirmaður skrifstofustjóra, hefur bestu sýn á þau verkefni sem sinna þarf og verklag sem viðkomandi skrifstofustjóri þarf að beita til að ná árangri í starfinu. Gera verður þá kröfu að nefndin sinni rannsóknarskyldu sinni, gæti meðalhófs og telji kærunefndin sig búa yfir betri þekkingu og upplýsingum yfir hæfniskröfur starfsins verði hún að sýna fram á það. Það er því umhugsunarefni að kærandi, eða kærunefnd jafnréttismála, telji sig hafa betri innsýn í hvað starfinu felist og hvers það krefst, út frá hæfni, menntun eða reynslu án sjálfstæðrar greiningar eða rannsóknar.

- Kærunefndin reifar ítarlega menntun kæranda og þess sem skipaður var í embættið og metur menntun kæranda betur til þess fallna til að sinna þeim verkefnum sem lýst var í auglýsingu. Kærunefndin reifar ítarlega starfsreynslu kæranda og þess sem skipaður var í embættið og metur hana í það minnsta jafna. Á fundi með kærunefndinni, þar sem ráðgjafi útskýrði sína aðkomu og aðferðafræði í verkefninu, lýsti ráðgjafi þeim hættum sem fylgja því að skipa í starf á grundvelli upplýsinga sem alþjóðlegar rannsóknir hafa bent á og staðfest á undanförnum árum að hafi slæmt forspárgildi fyrir frammistöðu. Í stuttu máli hefur það verið margstaðfest að huglægt mat á tegund menntunar og reynslu og að telja þau ár sem liggja að baki menntunar og reynslu spáir ekki fyrir um framtíðarframmistöðu í starfi. Ráðgjafi skilaði einnig inn greinagerð til ráðuneytisins þess efnis sem vísaði í ritrýndar og viðurkenndar greinar og skrif. Ekki verður annað séð en kærunefndin hafi kosið að líta alfarið framhjá faglegum rökum og niðurstöðum rannsókna og telji sig geta metið sjálfstætt, án rannsókna, hvers konar reynsla og hvers konar menntun henti þeim verkefnum sem skrifstofan sinnir. Það er mikilvægt að faglega sé að ráðningum staðið og að mati ráðgjafa var svo gert í þessu tilviki. Þar til að kærunefnd jafnréttismála getur sýnt fram á hvaða fræðilegi bakgrunnur stendur að baki mati nefndarinnar má líta svo á að skilaboð hennar séu þau að á Íslandi eigi ekki að vinna faglega að undirbúningi ráðninga hjá hinu opinbera.

- Einnig vekur athygli að þegar kærunefndin fjallar um þá hæfni sem var auglýst og leitað var eftir í ráðningaferlinu, þá ákveður nefndin að í hugtakinu forystuhæfni feli það í sér að viðkomandi verði að hafa haft formleg mannaforráð til að geta haft þá hæfni. Þetta er rangt, bæði fræðilega sem og í útfærslu hæfnisþáttarins sem lagður var til grundvallar í ferlinu. Í útfærslu þess hæfnisþátt er hvergi fjallað um að viðkomandi fái stig fyrir það að geta nefnt dæmi um að hafa haft formleg mannaforráð, hins vegar voru veitt stig fyrir það ef viðkomandi veitti sannfærandi dæmi um hvernig hann/hún stuðlar að bættri frammistöðu, bæði hjá sér og öðrum. Sá sem skipaður var veitti skýr dæmi í viðtölum, sem fengust staðfest með umsögnum, um hvernig hann, þrátt fyrir skort á formlegum mannaforráðum, hefði staðfastlega sýnt sína forystu, samskipta- og skipulagshæfni bæði í samstarfi við aðra og í þeim verkefnum sem hann sjálfur bar ábyrgð á. Dæmin sem voru veitt sýndu með skýrum hætti að sá sem skipaður var hikaði ekki við að taka á erfiðum málum og stuðli að framþróun hjá hinu opinbera, þrátt fyrir skort á formlegri stöðu eða mannaforráðum. Sú niðurstaða kærunefndar að það halli á þann sem skipaður var getur því ekki staðist skoðun út frá þeim skriflegu gögnum sem lögð voru fram í ferlinu, né út frá frammistöðu bæði kæranda og þess sem skipaður var í viðtölunum.

- Kærunefnd gerir það að umfjöllunarefni sínu að ekki liggi fyrir nákvæmar upplýsingar úr viðtölunum og hvernig dæmi sem viðmælendur veittu voru metin. Þá er því haldið fram að greiningin sé ógagnsæ án þess að það sé rökstutt frekar eða rannsakað með öflun frekari gagna frá ráðuneytinu og ráðgjafa þess. Þess ber að geta að ráðuneytisstjóri sat öll viðtöl, upplýsingar úr öllum viðtölum voru ritaðar upp og öllum viðmælendum var gefin samsett einkunn á öllum hæfnisþáttum sem lágu til grundvallar. Í samningi ráðgjafa við ráðuneytið var gert ráð fyrir að ráðgjafi skilaði gögnum í töflum út frá stigagjöf. Með þeim hætti væri unnt að tryggja bæði skýrann og sanngjarnan samanburð á umsækjendum. Þá er mikilvægt að fram komi að í ítarlegri samanburði á nokkrum umsækjendum gerði ráðgjafi frekari grein fyrir stigagjöf og frammistöðu í viðtölum og kærunefndin býr yfir þessum upplýsingum. Öll þessi gögn voru lögð fyrir nefndina og hefði hún viljað að viðtöl yrðu rituð upp orð fyrir orð hefði það ekki verið framkvæmanlegt nema með upptökum. Ef nefndin hefði viljað ítarlegri samantekt úr viðtölum, en sú sem veitt var, hefði það verið vel framkvæmanlegt en ósk um slíkt barst ekki. Krafa um fullan aðgang að öllu því sem sagt var í viðtölum hefði krafist upptöku og þekkir ráðgjafi ekki til þess að þeirri aðferð sé nokkurn tíma beitt í ráðningarviðtölum.

- Í umfjöllun kærunefndar er fjallað um tungumálakunnáttu og velur nefndin að túlka stigagjöf, sem þó var ítarlega útskýrð og rökstudd, bæði á rituðu formi og á fundi sem ráðgjafi sat með nefndinni, að þegar kærandi hafi fengið lága einkunn fyrir þá þekkingu sé ekki tekið tillit til margra ára erlendrar búsetu kæranda. Hér tekur nefndin ekki tillit til þeirrar kröfu sem skilgreind var í ráðningarferlinu að ekki sé nóg

að kunna tungumálið, eða hafa dvalið erlendis, heldur verði umsækjandi að geta sýnt fram á með skýrum hætti hvernig viðkomandi hafi nýtt þá tungumálaþekkingu umfram aðra umsækjendur, t.d. með því að leita fanga á alþjóðlegum vettvangi, til að efla erlent samstarf og til að afla upplýsinga um úrbætur sem gætu nýst innan íslensku stjórnsýslunnar. Kærandi sýndi ekki nægilega fram á hvernig hún myndi gera slíkt þegar eftir því var leitað í umsóknarferlinu sem útskýrir lægri einkunn. Hjá engum umsækjanda var það metið honum til framdráttar að hafa búið, starfað eða lært erlendis. Nefndin gerir það hins vegar í tilfelli kæranda og þar af leiðandi á kostnað annarra umsækjenda.

- Allir umsækjendur í umsóknarferlinu voru metnir kerfisbundið, gætt var jafnræðis, allir fengu staðlaðar spurningar og jafn langan tíma til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri. Það vekur því upp spurningar um jafnræði allra umsækjanda að unnt sé í kæruferlinu að koma fram með upplýsingar sem öðrum umsækjendum um starfið hafa ekki haft tækifæri til að koma á framfæri áður.

- Að teknu tilliti til ofangreinds er ljóst að kærunefnd jafnréttismála hefur mat embættismanna ráðuneytisins, umsagnaraðila umsækjenda og ráðgjafa að engu. Kærunefndin virðist því móta sínar eigin forsendur og úrskurða á þeim grunni án tillits til gagna og niðurstaðna rannsókna.